

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 11-2018

Staður: Hvanneyri

Tími: föstudagur 5. október 2018 kl. 13:10

Á fundinn mættu: Bjarni Diðrik Sigurðsson, Guðrún Eik Skúladóttir, Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir, Jóhannes Kristjánsson, Sunna Þórarinsdóttir, Sæmundur Sveinsson í fjarfundi Halldór Þorgeirsson. Margrét Jónsdóttir ritaði fundargerð.

1. Fundur með rektorsefnum 15. október nk.

Lagt var til að háskólaráð útbúi spurningar sem lagðar verða fyrir umsækjenda til að báðir aðilar fari í gegnum sambærilegt ferli. Útvega þarf tengiliði til að taka á móti rektorsefnum á Hvanneyri. Gengið frá dagskrá og hún samþykkt. Rektor sendir boð á fundinn til hagsmunaaðila.

2. Val á varaformanni háskólaráðs

Samþykkt með lófataki að Halldór Þorgeirsson verði varaformaður háskólaráðs.

3. Fjárhagur Lbhí

Rektor kynnti þróun fjárveitinga til Lbhí 2005-2018. Farið var yfir fjármál skólans til glöggvunar nefndarmönnum. Þörf á eignastefnu þegar farið verður í stefnumótunarvinnu skólans.

4. Endurskoðun reglna um rannsóknamisseri

Breytingar á reglum um rannsóknamisseri lagðar fram og þær ræddar.

5. Friðlýsing Reykjadal

Erindi um friðlýsingu Reykjadal hefur borist frá Umhverfisstofnun. Rektor kynnti málið fyrir háskólaráði. Rektor falið að tilnefna tvo fulltrúi fyrir hönd Lbhí í starfshóp.

6. Önnur mál

- Almenn umræða var um undirbúning að dýralæknanámi sem hefur verið í skoðun, málið er nú á forræði læknadeildar Háskóla Íslands og Keldna. Fyrstu skrefin í málinu voru unninn í samvinnu við Lbhí, en vegna starfsmannabreytinga innan Lbhí á skólinn ekki lengur beina aðkomu að því. Mikilvægt að finna nýjan fulltrúa Lbhí inn í samstarfið.
- Stofnaður hefur verið starfshópur sem vinnur að regluverki fyrir „Doktorsnámssjóð Lbhí“. Málið kynnt háskólaráði síðar.
- Lagt var til að fundargerðir háskólaráðs verði héðan í frá samþykktar formlega á næsta fundi háskólaráðs eftir að þeim er dreift til athugasemda; en ekki með sérstökum tölvupósti. Þessi tillaga var samþykkt.

Stefnt er að næsta fundi háskólaráðs 15. október kl. 9.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:15.